

Ed.

505. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild til að selja spildu úr landi Englands í Lundarreykjadalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Á efni þessa frv. má líta frá fleiri sjónarmiðum, og eru þessi helzt:

Bóndann á Gilstreymi vantar hentugt land til ræktunar. Á jörð hans, sem er fremsta jörðin í vestanverðum Lundarreykjadal, er uppræktað það land, sem auðræktanlegt er. Breyttir búskaparhættir gera ekki kleift að nota fjallaslægjur, sem búskapur á jörðinni byggðist á áður fyrr. Þó að túnið hafi verið stækkað, svo að af því fáiist nú um 200 hestar, verður vart framfleytt nógu stóru búi á töðunni einni, til þess að það gefi af sér nægar tekjur fyrir bóndann að lifa af. Brýn þörf er því á því fyrir hann að fá bætt við jörðina ræktanlegu landi. Þetta má gera með því að taka sneið sunnan af landi Englands og leggja undir Gilstreymi, og þetta ætlast frumvarpið til, að sé gert og með því skapaðir möguleikar fyrir Gilstreymisbóndann til að auka ræktunina og stækka búið. Þegar búið er að bæta „Þorbjarnarbletti“ við Gilstreymisland og rækta hann, tvöfaldast töðufallið og bústærðin, sem framfleyta má á henni. Það er því augljóst mál, að frá sjónarmiði bóndans á að selja honum blettinn. Sama mundu ýmsir segja, sem hugsa einhliða um aukna ræktun.

En svo eru aðrir, sem telja, að framdalajarðir eins og Gilstreymi eigi að leggjast í auðn. Þær liggja „út úr“, „þangað eigi ekki að leggja síma og vegi“. Það sé þjóðfélaginu of dýrt að halda við byggð þar o. s. frv.

Þó þetta sjónarmið eigi rétt á sér annars staðar, telur nefndin ekki, að það gildi um Gilstreymi.

Enn er sjónarmið ábúanda Englands. Þessi blettur liggur fram undir merkjum milli Gilstreymis og Englands og heim undir tún á Gilstreymi. Frá Englandi á hann eru eins margir kílómetrar og hundruð metra frá Gilstreymi. Englandsbóndi hefur hans því lítil not, nema til beitar, og frá Englandi verður hann ekki ræktaður, eins og búskap þar er nú háttáð. Hins vegar má telja víst, að fasteignamat Englands yrði að minnka, ef Þorbjarnarbletturinn væri seldur undan og leiga af jörðinni sömuleiðis, en fást ætti hvort tveggja upp horið með vöxtum af söluverði blettsins og hækkuðu mati á Gilstreymi.

En það koma fleiri sjónarmið til greina. Í landi Englands er þriðja stærsta hitasvæði Borgarfjarðar, er gefur um 16 sek.lítra af 90° heitu vatni. Enn er þetta vatn ekki notað til annars en hita upp sundlaug, sem við laugina hefur verið byggð. Aðalhitauppspretturarnar eru ca. 1000 metrum neðan við Þorbjarnarblett, en annars eru volgrur víða í landinu, eins og líka í Gilstreymislandi, þar sem vottar fyrir jarðhita (11°). Það er erfitt að gera sér grein fyrir því nú, hvernig þetta jarðhitasvæði verður notað í framtíðinni. Þar getur margt komið til greina. En hvernig svo sem það verður, þá má gera ráð fyrir því, að samfara því að hitaorkan verði notuð þarna, komi í kringum hitasvæðið og á því meiri eða minni byggð, og að þeir menn, er þar setjast þá að, muni þá þurfa jarðarafnot. Og þá gæti komið að því, að aftur þyrfti að kaupa Þorbjarnarblett, ef hann væri seldur nú. Vegna þessa getur nefndin ekki mælt með því, að frumvarpið verði gert að lögum og Þorbjarnarblettur seldur.

Hins vegar telur nefndin, að bagalaust sé, eins og nú er ástatt, að leyfa Gilstreymisbóndanum að rækta blettinn og nytja fyrir lítið eða ekkert endurgjald, en hann verði að láta hann af hendi aftur við ríkissjóð, þegar ríkissjóður óskar þess vegna byggðar, er upp kann að koma í sambandi við notkun heita vatnsins í Englandslandi. Þegar að því kemur, ætti að endurgreiða honum ræktunarkostnaðinn.

Að þessu öllu athuguðu telur nefndin rétt að afgreiða málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leyfi bóndanum á Gilstreymi í Lundarreykjadal að rækta og hafa til afnota Þorbjarnarblett úr Englandslandi í Lundarreykjadal, þar til heitavatnssvæðið í Englandslandi verður notað og landsnot í fram-Lundarreykjadal skipulögð í sambandi við það, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 10. marz 1947.

Þorst. Þorsteinsson,
form.

Ásmundur Sigurðsson,
fundaskr.

Páll Zóphóniasson,
frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Eiríkur Einarsson.